



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/848
komudagur 9.12.2010
139/848

Reykjavík, 9. desember

2010

R10120036

175

ÓKH/jb

Alþingi - nefndasvið
Kristjana Benediktsdóttir
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. í dag, um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.



Reykjavík, 9. desember 2010

R10120036

175

KSt

Borgarráð

Umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (sérregla um félagsaðild), 301. mál.

Með erindi, dags. 7. nóvember sl. sendi efnahags- og skattanefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga kjarasamninga opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (sérregla um félagsaðild), 301. mál. Frestur til að skila umsögn um frumvarpið er stuttur eða til 10. desember. Þrátt fyrir að umsagnarfrestur sé þetta stuttur, hefur undirrituð farið yfir frumvarpið í samráði við mannauðsstjóra og gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þannig að starfsmönnum, sem eru félagar í SFR en verða starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 vegna flutnings á málefnum fatlaðrar frá ríki til sveitarfélaga, gefst kostur á því að vera áfram félagar í SFR. Þessi tilhögun felur í sér töluvert óhagræði fyrir sveitarfélögin. Hins vegar liggur fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, sem undirritað var 23. nóvember sl., þar sem gert er ráð fyrir þessari tilhögun. Er því ekki tilefni til að gera athugasemd við frumvarpið hvað þetta varðar.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins segir að SFR-stéttarfélag í almannajónustu hafi lýst sig reiðubúið „til samráðs um að samræma launakerfi félagsmanna við launakerfi sveitarfélaganna.“. Tilefni er til að vekja athygli á því að þegar er í gildi kjarasamningur milli Reykjavíkurborgar og SFR, sem byggir á starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar og viðsemjenda. Gert er ráð fyrir að þeir félagsmenn SFR, sem verða starfsmenn Reykjavíkurborgar vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og halda óbreyttri félagsaðild, taki laun í samræmi við þann kjarasamning.

Að öðru leyti tekur Reykjavíkurborg undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga við sama frumvarp.

Kristbjörg Stephensen